

SKYNDIHLJÁLÞ VIÐ TANNÁVERKUM

VIÐ ÁVERKA Á FULLORÐINSTENNUR ER MÖGULEGT AÐ BJARGA MÖRGUM ÞEIRRA EF ÞÚ VEIST HVAD Á AÐ GERA VIÐ HÖGG EÐA SLYS.



EF TÖNNIN BROTNAR:

- Finndu öll tannbrotin
- Farðu **strax** til tannlæknis

Oftast er hægt að líma tannbrotin á tönnina ef brugðist er fljótt við.

EF TÖNNIN DETTUR ALVEG ÚR:

- Finndu tönnina strax
- Haltu bara um tannkrónuna, ekki rótina
- Ef tönnin er óhrein, skolaðu hana þá örstutt með köldu vatni
- Gerðu síðan eitt af þessu:



- A. Reyndu að setja tönnina aftur í holuna (það er langbest)
- B. Ef þú getur ekki sett tönnina aftur á sinn stað, settu hana þá í **mjólk** – **alls ekki í kranavatn** (kranavatn minnkar líkur á að hægt sé að bjarga tönninni)
- C. Ef þú kemst hvergi í mjólk, settu tönnina þá í munninn milli kinnar og tanna, en passaðu vel að hún hrökkvi ekki ofan í þig.

Farðu **STRAX** til tannlæknis. Best er að komast til tannlæknis á innan við klukkutíma.

MUNDU:

MJÓLK – ekki vatn – fyrir úrslegnar tennur. Sýrustig mjólkur er miklu nær sýrustigi munns en kranavatn og batahorfur tanna sem geymdar hafa verið í mjólk eru því miklu betri.

Farðu **STRAX** til tannlæknis. Því fyrr sem tannlæknir kemst í málið, þeim mun meiri líkur eru á að hægt sé að líma upp tannbrotin eða bjarga tönn sem hefur dottið úr.

Athugaðu að leita **ALLTAF** ráða hjá tannlækni **SEM FYRST** eftir alla áverka á tennur. Líka ef tönn er laus eða beinið í kringum tennurnar er aumt.